

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 2102 — 45. mál.
2. umræða.

Frávísunartillaga

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940,
með síðari breytingum (bælingarmeðferð).

Frá Birgi Þórarinssyni.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum þess efnis að gera bælingarmeðferð (e. conversion therapy) refsiverða. Í ljósi fyrirbyggjandi athugasemda réttar-farsnefndar og annarra umsagnaraðila er rétt að leggja til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** svo að tími gefist til að gera fullnægjandi breytingar á málinu áður en það náí fram að ganga. Flutningsmaður ítrekar stuðning sinn við markmið frumvarpsins og telur mikilvægt að vinna bug á fordómum og ofbeldi gegn hinsegin fólki, en telur að breytingar á almennum hegningarlögum verði að vera betur ígrundaðar og byggjast á víðtækara samráði en haft var við gerð frumvarpsins.